

Grundarfirði, 31. ágúst 2007.

**Fréttatilkynning frá Jeratúni ehf. 31.8.2007**

Árshlutareikningur Jeratúns ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 var staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra félagsins í dag, 31. ágúst 2007.

Jeratún ehf. er einkafyrirtæki í eigu Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar og bera sveitarfélögin ábyrgð á skuldbindingum þess. Hlutverk félagsins er bygging og rekstur skólahúsnæðis Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Starfsemi félagsins flokkast því undir að vera á vettvangi sveitarfélaga.

Rekstrartap félagsins á fyrri hluta árs 2007 var 12.170.645 kr. og eigið fé var neikvætt um 3.720.146 kr. samkvæmt árshlutareikningi.

Skuldir félagsins eru vegna fjármögnunar framkvæmda við Fjölbautaskóla Snæfellinga. Sveitarfélögin ásamt ríkinu greiða húsaleigu sem á að standa undir afborgunum og vöxtum af lánum. 30. júní 2007 námu eftirstöðvar lána 436.738.730 kr. og voru eftirstöðvar í skilum. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á greiðslu lánanna.

Nánari upplýsingar veitir Björg Ágústsdóttir, framkvæmdastjóri í síma 8986605.

Grundarfirði, 31. ágúst 2007  
Jeratún ehf.